

Samstarfshópur um þjóðgarð á Vestfjörðum

Tólfti fundur samstarfshóps (fundað á Teams) – 10. júní 2021. Fundur hófst kl. 9:00.

Um lokafund samstarfshóps var að ræða.

Fundinn sátu: Edda Kristín Eiríksdóttir f.h. Umhverfisstofnunar, Puríður Yngvadóttir f.h. Landgræðslusjóðs, Rebekka Hilmarsdóttir f.h. Vesturbyggðar, Rúnar Leifsson f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis, Freyja Pétursdóttir f.h. Umhverfisstofnunar, Birgir Gunnarsson f.h. Ísafjarðarbæjar og Steinar Kaldal f.h. umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Forföll boðaði Sigurður Örn Þorleifsson f.h. forsætisráðuneytisins.

Þetta gerðist:

1. Samantekt umsagna vegna auglýsingar um friðlýsingu

Farið var yfir umsagnir sem bárust á kynningartíma auglýsingar og tillögur Umhverfisstofnunar að svörum við athugasemdum/ábendingum umsagnaraðila. Starfshópurinn gerði ekki athugasemdir við tillögur Umhverfisstofnunar að svörum.

2. Friðlýsingarskilmálar

Farið var yfir friðlýsingarskilmála þjóðgarðsins. Starfshópurinn samþykkti í lok febrúar 2021 að setja tillögu að friðlýsingarskilmálum í þriggja mánaða kynningu. Á kynningartíma auglýsingarinnar bárust umsagnir sem m.a. lúta almennt að málinu, en einnig að friðlýsingarskilmálunum. Starfshópurinn fór yfir og ræddi tillögur að uppfærðum skilmálum m.t.t. til umsagnanna.
Bókað var á fundinum að starfshópurinn samþykkti skilmálana og þær breytingar sem gerðar hafa verið á þeim í kjölfar kynningartíma auglýsingar.

3. Skýrsla

Farið var yfir skýrslu starfshóps. Hópurinn hefur haft skýrsluna í vinnslu undanfarna mánuði og farið reglulega yfir hana á fundum sínum. Skýrslan var nú í lokadrögum og fyrir fundinum lá ákvörðun um að samþykkja skýrsluna og í framhaldinu að hún yrði afhent ráðherra. Eftir lokayfirferð á fundinum samþykkti samstarfshópurinn texta skýrslunnar og að samþykkt tillaga starfshóps að friðlýsingarskilmálum yrði viðauki með skýrslunni. Formanni starfshópsins var falið að koma skýrslu í útgáfuform og mun starfshópurinn rita rafrænt undir skýrsluna.
Bókað var að starfshópurinn myndi afhenda umhverfis- og auðlindaráðherra rafrænt undirritaða skýrslu sína um þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum. Í skýrslunni koma m.a. fram megin tillögur starfshópsins varðandi þjóðgarðinn.

Fleira gerðist ekki. Fundi lauk kl. 10:20 og lauk þar með samstarfshópur um þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum störfum sínum.